

Grunnskóli Hornafjarðar



Fréttabréf 3. tbl. 13. árg. mars 2019

Ábyrgðarmaður: Þórgunnur Torfadóttir

Forvarnir

Skólar eru ákjósanlegur vettvangur til heilsueflingar- og forvarnarstarfs. Þar koma börn og ungmenni saman, mynda félagsleg tengsl og læra af fagmenntuðu starfsfólki. Mikilvægt er að skólinn sinni hverskonar forvarnarstarfi af heilindum. Í Grunnskóla Hornafjarðar er lögð áhersla á að vinna að forvarnarstarfi samkvæmt áherslum heilsueflandi skóla og heilsueflandi samfélags en það er Landlæknisembættið sem veitir ráðgjöf í þeirri fræðslu. Forvarnarstarf skólans er tvíhliða, annars vegar snýr það að nemendum en hins vegar að foreldrum. Þriðja hliðin snýr svo að því að eiga í jákvæðu og uppbyggjandi samstarfi við aðila utan skólans s.s. íþróttafélag, vinnustaði og fleiri.

Þegar fréttabréf skólans er notað sem forvarnarvettvangur er það prentað út og sent í töskupósti með nemendum svo þeir fái líka skilaboðin. Auk þess er það líka sent rafrænt, annað hvort í viðhengi eða linkur inn á fréttabréf á heimasíðu skólans.

Árangursríkar forvarnir ...

... byggja á
fræðilegum grunni ✓

... leggja áherslu á fjölbreyttar, sveigjanlegar og gagnvirkar
aðferðir sem auka færni barna og ungmenna og mæta þörfum þeirra ✓

... byggja á fagmennsku og þjálfun
þeirra sem sinna kennslunni ✓

... byggja upp seiglu barna og ungmenna
og tengsl þeirra við skólasamfélagið ✓

... eru aldursmiðaðar ✓

... leggja áherslu á félags- og tilfinningafærni ✓

Lýðræði í skólanum – nemendur koma mörgu til leiðar

Um þessar mundir er rúmlega ár liðið frá Skólalþingi sem haldið var í Grunnskóla Hornafjarðar. Þar komu fjölmargar hugmyndir frá nemendum um hvernig bæta mætti skólastarfið og fullur hugur er að halda annað skólalþing þó ekki sé farið að ræða hvenær eða hvort það verður á þessu skólaári eða næsta. Skólalþingið ýtti við þeirri hugsun að rödd nemenda er mikilvæg og að henni þarf að hlúa. Skólaráð, nemendaráð og hugmyndaráð er formlegur vettvangur fyrir nemendur að koma hugðarefnum sínum á framfæri en þar fyrir utan koma oft gagnlegar ábendingar frá nemendum sem hafa áhrif á skólastarfið. Á það bæði við um kennsluna en ekki síður ýmislegt sem snýr að félagslegu hliðinni og er sá þáttur oft meira sýnilegur. Hér verða talin upp nokkur dæmi um það hvernig nemendur hafa haft bein áhrif á skólastarfið.

Bolludaginn ber upp á 4. mars þetta árið. Hugmyndaráð kom með tillögu að „kósý“ nestistíma á bolludag þar sem öllum nemendum er **boðið að koma með bollur að heiman**. Þá geta allir fengið bollurnar eins og þeir vilja fá þær. Nestistíminn verður svo „kósýstund“ með kennaranum, lestur, bollur og huggulegheit. Hugmyndaráð hefur einnig komið því til leiðar að það verða pylsur í matinn á öskudag þrátt fyrir að það sé fiskidagur. Þá óskaði hugmyndaráð eftir því að fá að nota hoppibelginn í frímínútum og við því var orðið.

Á eldra stiginu hafa nemendur óskað eftir meiri afþreyingu í frímínútum. Nú er komið borðtennisborð og fótboltaspil í Heppuskóla, tvisvar í viku er frjáls tími í íþróttahúsinu í frímínútum og í hverri vikur eru íþróttakeppnir í löngufrímínútunum. Nýir iPadar eru komnir í bæði skólahús, fleiri cromebook tölvur og svo má ekki gleyma salatbarnum eða handþurrkunum sem komu í stað rafmagnspurrkaranna. Hugmyndir að



þessum breytingum komu m.a. frá nemendum í gegnum skólalþing, nemendaráð eða skólaráð.

Það er ánægjulegt að sjá hvað nemendur eru ánægðir með þessar breytingar og nýta þær vel. Margar fleiri gagnlegar ábendingar sem snúa að námi og samskiptum komu líka frá nemendum og snúa þær ekki síst að þeim sjálfum. Eftir síðustu mælingar

Skólalþingsins virðist sem nemendur séu að hlusta á eigin ábendingar því trú

nemenda á eigin vinnubrögðum hefur aukist, einelti minnkað, agi í tímum batnað og samband nemenda og kennara mælist mjög gott.

Skólapúlsinn

Síðasta mæling Skólapúlsins fór fram í janúar en þá svaraði þriðjungur nemenda í 6. – 10. bekk. Niðurstöðurnar núna eru því samanlögð svör nemenda frá október og janúar. Á heimasíðu skólans má sjá heildar-niðurstöður <http://gs.hornafjordur.is/media/pdf-sjalfsmat/6.-10.-bekkur-januar-2019.pdf> en hér verða dregin saman helstu svörin.

Virgni nemenda í skólanum

Litlar breytingar hafa orðið á virgni nemenda í skólanum. Þó hefur ánægja af lestri dalað en ánægja af náttúrufræði aukist og einnig hafa nemendur meiri trú á eigin vinnubrögðum í námi. Áhugi á stærðfræði er enn góður en þrautseigja í námi og trú á eigin námsgetu mætti vera meiri.



Líðan og heilsa

Flestir þættir sem snúa að líðan og heilsu koma betur út núna en á síðast skólaári og eru flestir í kringum landsmeðaltal eða yfir því. Nemendum finnst þeir hafa betri stjórn á eigin lífi, vellíðan nemenda er yfir landsmeðaltali, einelti hefur minnkað þó að enn sé verk þar að vinna. Nemendur hreyfa sig mikið og hollusta í mataræði hefur batnað til muna.

Skóla og bekkjarandi

Allir þættir sem snúa að skóla og bekkjaranda koma betur út núna en í fyrra utan virk þátttaka nemenda í tímum. Auk þess eru allir þættirnir á landsmeðaltali eða yfir því.

Samantekt

Í heildina kemur Skólapúlsinn vel út núna og með þessu áframhaldi þá gæti þetta orðið besta niðurstaða skólans frá upphafi mælinga. Það eru helst þættir sem snúa að virgni nemenda í skólanum sem mættu koma betur út. Starfsfólk skólans er svo sannarlega ánægt með niðurstöðurnar og vonar að mikil vinna síðustu ára sem snýr að þessum þáttum og reyndar mörgum öðrum líka sé að fara að skila sér.



Verndum umhverfið – hugum að heilsunni – notum eigin orku

Nú stýttist í hjólatímamann - munum þá eftir hjálminum því hann getur gert kraftaverk ef við lendum í óhappi 😊

Matseðill í mars

- 04. mars Fiskibollur, kartöflur og laukfeiti
- 05. mars Lambasaltkjöt, kartöflur og baunasúpa
- 06. mars Pylsur
- 07. mars Kjúklingur m/pasta og hvítlauksbrauð
- 08. mars Skeyr, brauð og álegg

- 11. mars Steiktur fiskur og kartöflur
- 12. mars Skólabjúgu, kartöflur og jafningur
- 13. mars Fiskibollur, kartöflur og rjómasósa
- 14. mars Vínarsnitsel og kartöflur
- 15. mars Íslensk kjötsúpa

- 18. mars Skipulagsdagur - frí hjá nemendum
- 19. mars Lifrarpylsa, blóðmör og kartöflumús
- 20. mars Ofnbakaður fiskur og kartöflur
- 21. mars Kjúklingaborgari og franskur
- 22. mars Hrísgrjónagrautur, brauð og álegg

- 25. mars Steiktur fiskur og kartöflur
- 26. mars Lambasnitsel og kartöflur
- 27. mars Fiskbúðingur og kartöflur
- 28. mars Hakk, spaghetti og hvítlauksbrauð
- 29. mars Blómkálssúpa, brauð og álegg

Næringarútreikningur og nánari innihaldslýsingu á matseðlinum má finna á heimasíðu skólans

<http://gs.hornafjordur.is/hagnytar-upplýsingar/matsedill/matsedill/>



Salatbar í hádeginu
mánudaga - fimmtudaga

Foreldrar

Foreldrar eru ein mikilvægasta fyrirmynd barna sinna. Mikilvægt er að foreldrar tali við börn sín og ungmenni um tóbak, áfengi og önnur vímuefni og taki skýra afstöðu gegn því að þau prófi eða noti slík efni. Foreldrar geta stuðst við eftirfarandi ráð til að sporna gegn því að börn og ungmenni noti tóbak, áfengi eða önnur vímuefni:



- Byggja upp traust og náið samband.
- Kaupa hvorki áfengi né tóbak fyrir börn undir lögaldri.
- Setja mörk og halda fast við þau.
- Leyfa ekki eftirlitslaus partí.
- Fylgjast með hvað þau eru að gera og hvar þau eru.
- Tala opinskátt og heiðarlega um áhættuna af notkun tóbaks, áfengis og annarra vímuefna.